

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1218/2008, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

a. 5. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir 2.–4. mgr. skal mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til foreldris í fæðingarorlofi aldrei nema hærra fjárhæð en 370.000 kr.

b. Í stað „97.786 kr.“ í 6. mgr. kemur: 100.720 kr.

c. Í stað „135.525 kr.“ í 6. mgr. kemur: 139.591 kr.

#### 2. gr.

Í stað „59.137 kr.“ í 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar kemur: 60.911 kr.

#### 3. gr.

Í stað „135.252 kr.“ í 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar kemur: 139.591 kr.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. mgr. 13. gr., 5. mgr. 18. gr., 5. mgr. 19. gr. og 35. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2015. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 113/2014, um breytingu á reglugerð nr. 1218/2008, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.

*Velferðarráðuneytinu, 19. desember 2014.*

**Eygló Harðardóttir**  
félags- og húsnæðismálaráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*